


Þann 4. mars 2021 lagði menningarmálanefnd Dalabyggðar fram könnun um menningarþörf íbúa og nýtingu félagsheimila í Dalabyggð. Könnunin var auglýst á heimasíðu Dalabyggðar, Facebook-síðu Dalabyggðar og dreift á íbúasíðu. Könnunin var opin til 23. mars 2021 og fengust 69 þátttakendur, ekki var skylda að svara einstaka spurningum.

Hér á eftir fara niðurstöður könnunarinnar. Vegna persónugreinanlegra svara hafa svör við opnum spurningum verið þemagreind.

## Spurning 1

Hvernig finnst þér framboð menningar og menningarviðburða vera í sveitarfélaginu Dalabyggð?

68 responses



## Spurning 2

**Hvað finnst þér vanta, mætti auka eða leggja meiri áherslu á í flóru menningar og menningarviðburða í sveitarfélaginu Dalabyggð?**

Allir þátttakendur svöruðu spurningunni og meðfylgjandi er þemagreining á svörum:

Leiklist, kórar, sýningar, samkomur sem heimamenn standa fyrir, allar listgreinar, samkoma heimamanna án sérstakrar dagskráar (hittingur/spjall), minni menningarviðburðir, viðburðir sem henta öllum aldri, söngstarf, spil, gönguferðir, viðburði fyrir börn og unglinga, meiri fjölbreytni viðburða, upplestur, tónleikar, sögustundir, bíó, opnanir hjá ferðaþjónum, viðburði sem tengjast héraðinu, pubquiz, nýta söguna, auðvelda aðgengi að félagsheimilum, myndlist, kvöldvökur, byggðasafnið, dansleikir/böll, sviðslist, arkitektúr, hópefli fyrir fullorðna, auka jákvæðni gagnvart menningu og viðburðum, listasýningar, bókakaffi, viðburðir í streymi, ratleikir, jóga og aðra léttari hreyfingu, ýmis námskeið, vinnustofur fyrir listamenn, klúbbastarf, uppistand, fyrirlestrar, sagnamenning, meiri þátttöku í viðburðum sem eru, sögugöngur, foreldramorgnar, meiri dreifing viðburða yfir árið.


Það sem oftast var nefnt var:

Leiklist/leiksýningar, kórar/sönghópar/, vinna með söguna/sögugöngur/sögustundir, tónleikar/tónlistarfólk, meiri fjölbreytni/meiri dreifing viðburða yfir árið/meira af minni viðburðum, byggðasafnið, þátttaka heimamanna/þátttaka við að halda viðburði/meiri jákvæðni, böll/dansleikir/sveitaböll, sýningar.

### Spurning 3

Myndir þú taka þátt í að setja upp menningarviðburð í sveitarfélaginu Dalabyggð ef tækifæri gæfist?

67 responses



### Spurning 4

**Hvernig menningarviðburði værir þú til í að taka þátt í að setja upp í sveitarfélaginu Dalabyggð og hvað þyrfti til?**

Við spurningunni bárust 31 svar.

Meðfylgjandi er þemagreining á svörum fyrri hluta spurningarinnar, þ.e. hvað svarendur væru til í að taka þátt í að setja upp:

Lesklúbb, kór (annað en kirkjukór), leikrit, eitthvað tengt sögunni, sýningum, skemmtanir, böll, kaffihúsakvöld, bingó, pubquiz, viðburðir úti (leikir, söngur, samvera), gönguferðir, klúbbastarf, námskeið, listasýningar, dans, tónlist, eitthvað tengt sauðfjárrækt, eitthvað tengt íslensku máli, aðstoða við að fá viðburði í héraðið.


Varðandi seinni hluta spurningarinnar, þ.e. hvað þyrfti til:

Samstarf, styrki, að hafa tíma, skipulag, að talað sé við heimamenn, betri yfirstjórn, að hafa áhuga á viðburðinum sem á að halda, að einhver annar haldi utan um viðburðinn, að hafa hentugt húsnæði.

## Spurning 5

Hvernig finnst þér sveitarfélagið Dalabyggð vera að standa sig í að standa fyrir menningarviðburðum og styðja við menningu?

68 responses



## Spurning 6

**Hvernig gæti sveitarfélagið Dalabyggð stutt frekar við menningu og menningarviðburði?**

Við spurningunni bárust 31 svar og meðfylgjandi er þemagreining á svörum:

Hugsa betur um menningarstarf, kosta auglýsingar, styðja við menningu/viðburði, auka fjármagn til menningar/viðburða, bjóða húsnæði undir viðburði, hafa fleiri en minni viðburði yfir árið, skoða tækifæri í sögunni, bjóða afslátt af húsnæði/aðstöðu, bjóða upp á styrki til viðburða/menningar, selja félagsheimili, styrkja tækjakaup, skoða aðrar íþróttir en eru í boði í dag, auka samstarf við önnur sveitarfélög, leggja til verkefnastjóra, sækja um styrki til verkefna, auglýsa félagsheimili til notkunar, flytja byggðasafnið, sýna meira frumkvæði, fá leiðbeinendur til að halda utan um viðburði, styðja við fólk sem vill gera eitthvað.


Það sem oftast var nefnt var:

Styrkir (bjóða styrki, sækja um styrki, styrkja við), húsnæði (leggja til, auglýsa, bjóða afslátt, auka nýtingu), aukið samstarf (bæði innan sem utan héraðs) og samtali (bæði innan sem utan héraðs).

## Spurning 7

Hvernig finnst þér dreifing menningarviðburða vera í sveitarfélaginu Dalabyggð? (s.s. á milli þéttbýlis og dreifbýlis)


60 responses



## Spurning 8

Hefur það áhrif á þátttöku þína á menningarviðburðum í Dalabyggð, hvar þeir fara fram?

67 responses



## Spurning 9

**Hefur þú leigt félagsheimili í Dalabyggð á síðustu 5 árum? Fyrir hverskonar viðburð var það?**

Við spurningunni bárust 54 svör og meðfylgjandi er þemagreining á svörum:

Nei (9), einkaviðburð s.s. brúðkaup, skírn, ferming, afmæli, erfidrykkja, ættarmót (33), á vegum félagasamtaka/klúbba (11), fundir (4) og annað/ekki tilgreint (2).

### Spurning 10

#### **Sérð þú fyrir þér einhverja leið til að auka nýtingu á félagsheimilum í Dalabyggð og þá hvernig?**

Við spurningunni bárust 51 svar og meðfylgjandi er þemagreining á svörum:

Selja félagsheimilin (öll/ein hver þeirra), auglýsa þau til notkunar, fá rekstraraðila til að taka við þeim, lækka leigu eða hafa hana fría (a.m.k. fyrir félagasamtök/innan sveitar), nýta þau betur, nýta fyrir byggðasafn eða annars konar safn, dreifa notkun meira á milli félagsheimila, nýta þau með öðrum hætti en gert er í dag (finna þeim nýtt hlutverk t.d. með samstarfi við aðila/félög/fyrirtæki), já/nei (ekki nánar tilgreint).

### Spurning 11

#### **Sérð þú fyrir þér einhverja leið til að auka nýtingu á félagsheimilum í Dalabyggð án þess að skerða núverandi nýtingu þeirra og þá hvernig?**

Við spurningunni bárust 37 svör og meðfylgjandi er þemagreining á svörum:

Með því að leigja þau út fyrir aðra starfsemi en sem félagsheimili, nýta undir safn/söfn, útvista smærri viðburðum í annað húsnæði, fá rekstraraðila, fá félagasamtök til að reka þau, selja þau (öll/ein hver), núverandi nýting það lítil að hægt væri að taka eitthvert þeirra undir aðra starfsemi eða reka aðra starfsemi með núverandi notkun, nýta þau fyrir sýningar, alveg hægt að leigja þau af nýjum rekstraraðilum, lækka leiguverð, koma þeim frekar á framfæri/auglýsa þau, búa til útleigu-pakka þar sem félagsheimilið er innifalið, halda viðburði, hafa í þeim rekstur (t.d. sýningar) sem hægt er að taka niður fyrir aðra notkun, nýta hluta af þeim í annað en hefðbundna útleigu, auk þess sem nokkrir vísuðu til svars við spurningu 10.

### Spurning 12

#### **Annað sem þú vilt koma á framfæri við menningarmálanefnd Dalabyggðar?**

Við spurningunni bárust 31 svar og meðfylgjandi er þemagreining á svörum:

Mætti skoða að auglýsa félagsheimilin betur út fyrir svæðið.

Skoða hvað er hægt að gera á Staðarfelli í tengslum við sögu staðarins.

Horfa til þess að hafa spennandi dagskrá fyrir börn og unglina þegar verið er að skipuleggja hátíðir.

Efla menningar- og listastarf meðal barna og unglunga.

Vegalengd á viðburði er ekki að hamla þátttöku, frekar færð og veður.

Áblik er með mikla möguleika.

Könnunin gott framtak.

Auka framsýni. Standið vörð um mannlíf í Dölum.

Hægt að gera meira við peninginn í öðrum málaflokkum ef félagsheimilum er fækkað. Mikill kostnaður við viðhald og rekstur.

Fá byggðasafnið nær þéttbýlinu.

Nefndin stendur aðallega fyrir einni bæjarhátíð á ári, vantar eitthvað um að vera hina mánuðina.

Mótsögn í því ef einhverjir vilja selja/leigja félagsheimilin en vildu t.d. ekki leggja niður skólann á Laugum/leigja Laugar út.

Hefði mátt kynna þessa könnun betur, ekki sýst fyrir eldra fólki.

Ekki gleyma unglingum og unga fólkinu þegar verið er að skipuleggja viðburði, vantar oft eitthvað fyrir þennan hóp.